



Til:
Efni:
Upplýsingar:

Þórður Már Sigfússon <skipulag@dalir.is>

Re: Deiliskipulag íbúðarsvæða í Hvömmum, Búðardal - til umsagnar

Sent: 16-08-2019 08:44:28 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019070006, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2019070006

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Dalalbyggð, dags. 3. júlí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um endurauglýsingu fyrri útgáfu deiliskipulags sem var auglýst til umsagnar í apríl 2018.

Deiliskipulagið er um 3,5 ha að stærð og nær yfir Bakkahvamm, Lækjarhvamm og nýja götu sem fær nafnið Efstihvammur. Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir lóðum fyrir einbýlis-, par- og raðhús. Svæðið er er auðkennt sem íbúðarsvæði A í aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016.

Náttúrufræðistofnun sendi inn umsögn um sama deiliskipulag 28. maí 2018, sjá meðfylgjandi umsögn, þar sem kemur fram að stofnunin gerir ekki athugasemd við skipulagið miðað við hlutverk stofnunarinnar og er svo enn þar sem engar breytingar hafa orðið á því sem varða náttúrufar.

Ábending:

Þó stofnunin hafi ekki gert athugasemd á fyrri stigum málsins vill stofnunin nú benda á að þrjár nýjar lóðir neðst í Lækjahvammi eru nokkuð nálægt ströndinni en fjarlægðina er ekki að sjá á deiliskipulagsupprætti. Auk þess vill Náttúrufræðistofnun benda á, þó það sé í raun utan hlutverks stofnunarinnar, að þar sem nægt rými virðist vera hvort ekki færi betur á að láta neðstu lóðirnar við Lækjarhvamm, botnlanga, skarast við húsin fyrir ofan til að þau tapi ekki útsýni. Þetta virðist geta orðið raunin þar sem húsin standa álíka hátt í landi.

Umsögn Náttúrufræðistofnunar frá 28. maí 2018.

„Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá byggingarfulltrúanum í Búðardal, dags. 12. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðabyggð, Hvammar, í Búðardal. Svæðið er auðkennt sem íbúðarsvæði í Aðalskipulagi Dalabyggðar um 3,5 ha að stærð.

Deiliskipulagstillagan er innan og við þéttbýliskjarnann í Búðardal og á samþykktu aðalskipulagi. Tillagan mun hafa lítil áhrif á náttúrufar almennt að mati Náttúrufræðistofnunar en fer inn á ræktarland. Engar þekktar náttúruminjar eru á svæðinu. Stofnunin gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.“

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Þórður Már Sigfússon <skipulag@dalir.is>
Dags: 07/03/2019 10:21:23 AM
Til: "ni@ni.is" <ni@ni.is>
Efni: Deiliskipulag íbúðarsvæða í Hvömmum, Búðardal - til umsagnar

Náttúrufræðistofnun Íslands

Urriðarholtsstræti 6-8

210 Garðabæ

Góðan daginn,

óskað er eftir umsögn um tillögu að deiliskipulagi í Búðardal skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um er að ræða endurauglýsingu en fyrri útgáfa deiliskipulagsins var auglýst og send til umsagnar í apríl 2018.

Deiliskipulagið er um 3,5 ha að stærð og nær yfir Bakkahvamm, Lækjarhvamm og nýja götu sem fær nafnið Efstihvammur. Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir lóðum fyrir einbýlis-, par- og raðhús. Svæðið er er auðkennt sem íbúðarsvæði A í aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016.

Umsögnum ber að skila til skrifstofu skipulagsfulltrúa, að Miðbraut 11, 370 Búðardal, eða í netfang skipulag@dalir.is fyrir 15. ágúst 2019.

Gögn eru í viðhengjum.

Mbk,

Þórður Már Sigfússon

Skipulagsfulltrúi hjá Dalabyggð, Strandabyggð, Reykhólahreppi, Kaldrananeshreppi og Árneshreppi
Netfang / email: skipulag@dalir.is